



# H Ú S A F R Í Ð U N A R N E F N D



# Á R S S K Ý R S L A 2011



HÚSAFRÍÐUNARNEFND  
ÁRSSKÝRSLA 2011



Skýrsla um starf Húsafriðunarnefndar og  
yfirlit yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd 2012  
Nikulás Úlfar Mátsson

Prentvinnsla og hönnun:  
Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja

Öll réttindi áskilim.  
*Eftirprentun og ljósritun heimil ef uppruna er getið.*

#### Myndir á forsíðu:

##### Hús sem friðuð voru á árinu 2011:

Laugavegur 11, Reykjavík	Bakkafliót 1, Garðabæ
Verkamannabústaðirnir við Hringbraut, Reykjavík	Freyjugata 46, Reykjavík
Leikvallarskýli á Héðinsvelli við Hringbraut, Reykjavík	Laugavegur 34, Reykjavík
Lindargata 7, Reykjavík	Laugavegur 36, Reykjavík
Laugavegur 29, Reykjavík	Thorvaldsensstræti 2, Reykjavík
Laugavegur 41, Reykjavík	Mávanes 4, Garðabæ
Laugavegur 64, Reykjavík	Laugavegur 44, Reykjavík
Laugavegur 10, Reykjavík	Laugavegur 20B, Reykjavík
Landspítalinn, Hringbraut, Reykjavík	Laugavegur 21, Reykjavík
Ingólfsstræti 2a, Gamla Bío, Reykjavík	Hótel Borg, Pósthússtræti 11, Reykjavík
Ásvallagata 67, Reykjavík	Laugavegur 30, Reykjavík
Brekkuskógar 8, Álftanesi	Bergstaðastræti 12, Reykjavík
Brekkuskógar 10, Álftanesi	Bergstaðastræti 21, Reykjavík
Gamli flugturninn, Reykjavíkflugvelli	Bergstaðastræti 22, Reykjavík
Ingólfsstræti 21, Reykjavík	Bergstaðastræti 24, Reykjavík
Klambrar, Vesturhópi	Bjargarstígur 17, Reykjavík
Tjarnargata 34, Reykjavík	Bankastræti 3, Reykjavík
Sæbólskirkja, Ingjaldssandi	Bókhlöðustígur 6, Reykjavík



## Ávarp

Það sem hæst bar í annars mikilli umræðu um húsvernd á árinu var tillaga Húsafriðunarnefndar um friðun bygginga og nærumhverfis í Skálholti. Í september barst Húsafriðunarnefnd til eyrna að hafin væri vinna í Skálholti við að reisa torfhús, svonefnda Þorláksbúð, við hlið Skálholtskirkju. Af þessu hafði nefndin nokkrar áhyggjur þar sem, eins og fram kemur í bréfi nefndarinnar til biskups Íslands: „Í Skálholti eru m.a. tvær af vönduðustu byggingum 20. aldar á Íslandi og hafa því mikið gildi í byggingarlistasögu þjóðarinnar” og „Vegna þessa hárfína jafnvægis sem skapað hefur verið í Skálholti og myndar eitt fegursta manngerða umhverfi nútíma byggingarlistar í landinu ber að fara mjög varlega í allar breytingar og íhuga gaumgæfilega hvaða áhrif þær hafa á grenndina.” Síðan var óskað eftir öllum gögnum sem fyrir kunnu að liggja til umsagnar. Í þeim gögnum sem bárust kemur fram að öllum undirbúningi hafði verið mjög áfátt. Hvorki hafði verið fengið leyfi sveitarstjórnar né stjórn Skálholtskirkjugarðs fyrir framkvæmdunum auk þess sem álitamál var um það hvort í gildi væri deiliskipulag og hvort samþykki þyrfti frá erfingjum höfundar Skálholtskirkju. Engin gögn bárust sem gáfu til kynna að farið hefði fram rannsókn á gerð eða stærð þess húss sem til stóð að endurbyggja, en sagt frá því að endurbyggingin byggðist á mælingum á skálanum að Keldum á Rangárvöllum. Gerð var fornleifarannsókn árið 2009 þar sem fram kemur m.a. að frekari rannsókn sé þörf og að miklar mannvistarleifar séu grunnt undir yfirborði. Í Feneyjaskránni um varðveislu og endurbyggingu minja og minjastaða segir að áður en til endurbyggingar kemur og samtímis henni, skal alltaf gera ýtarlegar fornleifa- og sagnfræðirannsóknir þannig að endurbyggingin verði ekki til að falska hinn listræna og sögulega vitnisburð. Við þetta má bæta þeirri sjálfsgöðu kröfu að gerð sé ýtarleg úttekt á því umhverfi sem fyrirhuguð endurbygging er sett inn í hverju sinni. Við endurbyggingu svonefndrar Þorláksbúðar verður ekki séð að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt á nokkurn máta auk

þess sem úrskurðað hefur verið að deiliskipulag Skálholts, sem sveitarstjórn Bláskógarbyggðar grundvallaði vafasamt samþykki sitt fyrir byggingu umrædds húss á, sé ekki í gildi. Að auki má geta þess að höfundar deiliskipulagsins vöruðu við því að nýtt torfhús yrði byggt á þessum stað í Skálholti. Í framhaldi gerðra athugasemda tók við sú lenska að gera persónur tortryggilegar í stað þess að nota tilefnið til faglegrar umræðu um meðferð menningararfs þjóðarinnar. Mikil ástæða er til að furða sig á allri þessari atburðarás. Hvað gengur mönnum til þegar vaðið er áfram með svo viðkvæmt mál á stað sem er tvímælalaust meðal merkustu staða á Íslandi með hliðsjón af menningarsögu þjóðarinnar og hunsa allar viðvaranir og umsagnir fagaðila, s.s. Húsafriðunarnefndar, Arkitektafélags Íslands, Skipulagsstofnunar, höfunda deiliskipulags Skálholtsstaðar og Kirkjuráðs, sbr. bókun á fundi þess þann 21. september 2011? Hver er tilgangurinn með því að taka áhættuna á því að skaða umhverfið í Skálholti með byggingu húss sem alls ekki telst vera tilgátuhús þar sem ekki hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að hús af þessari stærð og gerð hafi staðið áður á þessum stað og má því halda fram að sé sögufölsun? Forsvarsmenn framkvæmdarinnar áætla að kostnaðurinn við umrædda endurbyggingu verði um 38 milljónir króna. Til stendur að taka niður einn elsta torfbæ á Íslandi, að Hólum í Eyjafirði, auk þess sem erfitt hefur verið um vik að halda við eða gera viðeigandi endurbætur á torfhúsum vítt og breytt um landið, bæði íbúðar- og útihúsum, sökum fjárskorts. Því skal að lokum spurt: Er þetta sú forgangsroðun sem Íslendingar vilja hafa á notkun þeirra mjög takmörkuðu fjármuna sem varið er í rannsóknir, varðveislu og miðlun menningararfs þjóðarinnar?

*Nikulás P. Másson*

## Húsafríðunarnefnd

Húsafríðunarnefnd skiptist annars vegar í fagnefnd þar sem situr einn fulltrúi tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands, einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrír án tilnefningar, skipaðir af mennta- og menningarmálaráðherra og hins vegar í stofnun sem fer með þá stjónsýslu er varðar meðferð húsverndar á Íslandi.

Í Húsafríðunarnefnd eiga sæti Hjörleifur Stefánsson arkitekt, sem er formaður nefndarinnar, Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt, sem er varaformaður, Snorri Freyr Hilmarsson leikmyndateiknari, Margrét Leifsdóttir arkitekt og Eva María Jónsdóttir dagskrárgerðarmaður.

Varamenn eru þau Júlíana Gottskálksdóttir forstöðumaður Listasafns Einars Jónssonar, Sigurður Einarsson arkitekt, Magnús Skúlason arkitekt og Magnús Karel Hannesson sviðsstjóri hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þjóðminjavörður hefur seturétt á fundum nefndarinnar.

Á árinu sagði formaður fagnefndarinnar sæti sínu lausu þar sem mennta- og menningarmálaráðherra samþykkti ekki tillögu um friðun húsa og nánasta umhverfis í Skálholti (sjá kafla um innri starfsemi).

## Húsafríðunarsjóður

Húsafríðunarnefnd stjórnar Húsafríðunarsjóði, en hlutverk sjóðsins er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum og til húsa sem hafa menningarsögulegt og listrænt gildi að mati Húsafríðunarnefndar. Sjóðurinn styrkir einnig verkefni sem stuðla að rannsóknum á íslenskum byggingararfi og útgáfu rita um hann.

Umsóknarfrestur í sjóðinn skal að jafnaði hefjast 15. október ár hvert og þurfa umsóknir að berast fyrir 1. desember. Fjárframlög til sjóðsins koma annars vegar af fjárlögum og hins vegar úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti nýjar reglur um úthlutun úr Húsafríðunarsjóði 24. júní 2011 (sjá síðar).

## Starfssvið Húsafríðunarnefndar

Húsafríðunarnefnd starfar samkvæmt lögum um húsafríðun nr. 104/2001. Tilgangur laganna er að varðveita íslenska byggingararfleifð sem hefur menningarsögulegt gildi. Hlutverk Húsafríðunarnefndar er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar. Því hlutverki sinnir hún með margvíslegum hætti, m.a. með því að:

- móta stefnu í húsverndunarmálum,
- meta hvaða hús er rétt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til menntamálaráðherra,
- fara yfir umsóknir um breytingar, viðhald og endurbætur á friðuðum húsum,
- hafa eftirlit með friðuðum húsum og þeim framkvæmdum sem nefndin styrkir,
- gefa álit á áformum um breytingar, flutning eða niðurrif húsa sem reist eru milli 1850 og 1918,
- stjórna húsafríðunarsjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins,
- halda skrá yfir friðuð hús í landinu,
- veita ráðgjöf og fræðslu um viðhald og varðveislu gamalla húsa,
- stuðla að gerð húsakannana og útgáfu þeirra,
- standa fyrir byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

## Starfsmenn Húsafríðunarnefndar

Forstöðumaður Húsafríðunarnefndar er Nikulás Úlfar Másson.

Aðrir starfsmenn: Guðlaug Vilbogadóttir fornleifafræðingur og Guðmundur Lúther Hafsteinsson arkitekt.

Guðmundur Lúther Hafsteinssonar lét af störfum í mars þar sem þjónustusamningur Húsafríðunarnefndar og Þjóðminjasafns Íslands um viðhald og endurbætur á húsasafni Þjóðminjasafnsins var ekki framlengdur.

Þorsteinn Valdimarsson vann að innslætti byggingarlýsinga á Þjóðskjalasafni í tvo mánuði sumarið 2011. Vinnumálastofnun greiddi hluta af launum Þorsteins því starfið var hluti af átaksverkefni sem Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun stóðu fyrir til að fjölga störfum á vegum stofnana ríkisins og sveitarfélaga, fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.

# Starfsemi 2011


Haldnir voru 10 formlegir fundir í Húsafríðunarnefnd á árinu 2011.

Aldrei hafa verið friðuð jafn mörg hús á einu ári og árið 2011, sjá kafla um friðun húsa.

Að venju komu fjölmörg erindi til afgreiðslu hjá Húsafríðunarnefnd, allt frá ráðgjöf um breytingar, endurbætur og litaval í húsum og kirkjum til umsagna um deili- og aðal-skipulög sveitarfélaga. Merkjanleg fjölgun hefur verið á erindum og fyrirspurnum milli ára sem bendir til þess að skilningur á mikilvægi byggingararfsins og vilji til að standa betur að varðveislu hans hefur aukist undanfarin ár. Af friðuðum kirkjum sem komu til umfjöllunar má helst nefna: Þingvallakirkja (fundað þar með séra Kristjáni Val Ingólfs-syni, Haraldi Erni Ólafssyni Þjóðgarðsverði og Magnúsi Skúlasyni arkitekt um endurbætur á kirkjunni), Áskirkja (upphaflegir litir innra byrðis fundnir og kirkjan máluð), Þingmúlakirkja (ráðgjöf um endurbætur á staðnum), Búrfellskirkja (endurbætur, fundað á staðnum með smiðum), Villingaholtskirkja (valdir litir á innra byrði), Þverárkirkja (tvær ferðir forstöðumanns og formanns vegna endurbóta á þaki), Stafholtskirkja (fundir á staðnum með umráðamönnum og hönnuðum um aðgengi að kirkjunni og næsta umhverfi og málun innra byrðis), Hlíðarendakirkja (ráðgjöf vegna misheppnaðrar olú-meðhöndlunar á gólfi), Selárdalskirkja (ráðgjöf vegna allsherjar endurbóta á ytra byrði), Ögurkirkja (ráðgjöf vegna allsherjar endurbóta á ytra byrði), Akraneskirkja (fundað með safnaðarstjórn vegna leka í gluggum), Laugarneskirkja (fundað með formanni sóknar-nefndar vegna viðhalds innra byrðis). Veitt var ráðgjöf vegna breytinga og endurbóta á tveimur kirkjum sem ekki eru friðaðar: Seyðisfjarðarkirkja (færsla forkirkju til uppruna-legs horfs) og Kvinnabrekukirkja (nýr turn gerður í samræmi við upphaflega hönnun Guðjóns Samúelssonar). Af öðrum friðuðum mannvirkjum sem komu til umfjöllunar má helst nefna: Seljavallalaug (hreinsun eftir eldgos), Listasafn Einars Jónssonar (leki undir tröppum), Háskóli Íslands (flutningar á móttöku), Viðeyjarstofa (nýr stigi), Hafnar-stræti 98, Akureyri (endurbætur og hækkun þaks), Laugarnesskóli (flóttaleiðir og málun innra byrðis), Þjóðleikhúsið (breyting á anddyri), Egilsenshús, Stykkishólmi (breytingar vegna gistiheimilis), Mávanes 4, Garðabæ (endurbætur), Fríkirkjuvegur 11, Reykjavík (breytingar á innra byrði) Landakotsskóli (flóttaleiðir), Heilsuverndarstöðin (flutningur Landlækniseimbættisins í húsið) Miðbæjarskólinn við Fríkirkjuveg í Reykjavík (flutningur Kvinnaskólans í húsið), Gamli kennaraskólinn við Laufásveg (nýjar flóttaleiðir) og Austurstræti 22 (fundað með Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar vegna endurbyggingar gamla eldstæðisins). Flest eru þau erindi sem berast eða eru tekin upp af Húsafríðunarnefnd vegna húsa sem ekki eru friðuð. Þeirra allra verður ekki getið hér en helst skulu nefnd: Setberg (vinna við að setja nýja, óviðeigandi glugga í húsið, stöðvuð), Hjallaland í Vatnsdal (endurbætur á ytra byrði), Dalshús, Eskifirði (allsherjar endurbætur), Silfurgata 5, Ísafirði (allsherjar endurbætur), Wathnes sjóhús, Fáskrúðsfirði (allsherjar endurbætur), Sólheimar 27, Reykjavík (ný handrið og lokun svala), Gamli spítal-



Þingvallakirkja



Laugarneskirkja



Seyðisfjarðarkirkja fyrir breytingu á forkirkju




Seyðisfjarðarkirkja eftir breytingu á forkirkju




Hugað að endurbyggingu gamla eldstæðisins í Austurstræti 22 í Reykjavík



Sólheimar 27



Háskóli Íslands, móttaka



Viðeyjarstofa, nýr stigi.  
Teikning eftir Þorstein Gunnarsson



Jórvík, Breiðdal



Skálholt

inn, Seyðisfirði (endurbætur á ytra byrði), Lækjargata 8 (endurbætur á ytra byrði), Stóra Sel, Reykjavík (vegna kaupa Reykjavíkurborgar á vestari húsinu), Laugavegur 46 (endurbætur á ytra byrði) og Jórvík í Breiðdal (vegna samnings Skógræktar ríkisins við Björn Björgvinsson smið um allsherjar endurbætur á húsinu).

Eftirfarandi skipulagstillögur voru sendar til umsagnar: Suðureyri – Suðureyrarmalir, Patreksfjörður - hafnarsvæði, Suðurtangi Ísafirði og Ásgeirsbakki Ísafirði.

Í október blossaði upp mikil umræða í fjölmiðlum vegna framkvæmda við endurgerð Þorlákshúða í Skálholti. Af því tilefni sendi Húsafriðunarnefnd biskupi Íslands bréf þar sem óskað var eftir því, þó að ekki sé um friðaðar byggingar að ræða í Skálholti, að fá teikningar til umsagnar og allar greinargerðir, skýrslur og áætlanir sendar ef það lægi fyrir. Í bréfinu kemur fram að núverandi hús í Skálholti myndi hárfínt jafnvægi fegursta manngerða umhverfis nútíma byggingarlistar á landinu og beri því að fara varlega í allar breytingar og íhuga gaumgæfilega hvaða áhrif þær hafa á grenndina. Á fundi sínum þann 13. október samþykkti Húsafriðunarnefnd að mælast til þess að endurbygg-

ingu Þorlákshúða yrði fundinn nýr staður í Skálholti þar sem áhrif þess á núverandi ásýnd Skálholtsstaða yrði hóflegri. Á fundi sínum, sem haldinn var að Hvanneyri þann 8. nóvember, samþykkti nefndin að grípa til skyndifriðunar þar sem Kirkjuráð hafði á fundi sínum þann 2. nóvember samþykkt að gera ekki athugasemd við það að Þorlákshúðarfélagið lyki framkvæmd verksins. Húsafriðunarnefnd samþykkti svo á fundi sínum þann 16. nóvember að leggja til við mennta- og menningarmálaráðherra að Skálholtskirkja, Skálholtsskóli og nánasta umhverfi skuli vera friðað. Formaður og forstöðumaður funduðu með mennta- og menningarmálaráðherra 18. nóvember um málefnið. Í bréfi ráðherra, dags. 22. nóvember, segir að lagaskilyrði bresti til að ráðherra mæli fyrir um friðun umræddra mannvirkja og að hinn rétti farvegur fyrir friðunartillögu Húsafriðunarnefndar í máli þessu sé hefðbundin málsmeðferð. Í framhaldi af þessari afgreiðslu ráðherra sagði formaður Húsafriðunarnefndar sæti sínu lausu. Af því tilefni vill fráfarandi formaður Húsafriðunarnefndar að eftirfarandi komi fram:

„Í fyrsta sinn frá því Húsafriðunarnefnd tók til starfa hafnar ráðherra tillögu nefndarinnar um friðun. Um er að ræða tillögu að friðun merkra húsa á einum helsta sögustað þjóðarinnar, dómkirkjunnar í Skálholti og skólabyggingu staðarins. Í höfnun ráðherra er fólgið vantraust á Húsafriðunarnefnd og formaður taldi rétt að taka afleiðingunum með því að segja af sér og gefa ráðherra þannig kost á að velja mann sem hann treysti í staðinn.“

# Skoðunarferðir Húsafriðunarnefndar

Vettvangsferðir forstöðumanns eru fjölmargar á hverju ári, bæði styttri ferðir um Höfuðborgarsvæðið sem og lengri ferðir út um allt land. Þeim verður ekki gerð frekari skil hér. Oft reynist nauðsynlegt, áður en tekin er endanleg afstaða til erinda sem lögð eru fram á fundum Húsafriðunarnefndar að hún kynni sér aðstæður á staðnum. Nefndin fór í eftirfarandi skoðunarferðir á árinu:

**Miðbæjarskólinn í Reykjavík** – breytingar vegna flutnings Kvennaskólans í Reykjavík í húsið.

**Hvanneyri** - boð um að skoða söguleg hús Landbúnaðarháskóla Íslands.

**Mannvirki Orkuveitu Reykjavíkur í Elliðaárdal** – vegna tillögu að friðun.

**Gunnarshús við Dyngjuveg í Reykjavík** - vegna tillögu að friðun innra byrðis.

**Tryggvaskála á Selfossi** – vegna óska um friðun hússins.

**Skálholt** – vegna tillögu að friðun Skálholtskirkju, Skálholtsskóla og nánasta umhverfis.

**Setberg, skrifstofur Þjóðminjasafnsins** – nýir gluggar skoðaðir.

**Austfirðir** – árlegri skoðunarferð Húsafriðunarnefndar er gerð skil í sérstökum kafla.

Forstöðumaður og formaður óskuðu eftir fundum með nokkrum aðilum til að ræða ástand og stöðu þeirra mannvirkja sem féllu undir umráð viðkomandi:

**13. janúar:** Fundur með Framkvæmdasýslu ríkisins og hönnuðum vegna flutnings Kvennaskólans í Reykjavík í Miðbæjarskólahúsið við Fríkirkjuveg.

**18. janúar:** Fundur með Ólöfu Örvarsdóttur skipulagsstjóra Reykjavíkur og Páli Hjaltasyni formanni skipulagsráðs um hönnunarsamkeppni um Ingólfstorg og svæðið næst fyrir sunnan torgið.

**24. janúar:** Fundur með Framkvæmdasviði Reykjavíkurborgar og hönnuðum vegna enduruppsetningar á gamla eldstæðinu í Austurstræti 22. Einnig skoðað á staðnum.

**16. maí:** Fundur með Bjarna Bjarnasyni forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur vegna tillögu um friðun mannvirkja Orkuveitunnar í Elliðaárdal og spennstöðva í miðborg Reykjavíkur.

**15. júní:** Farið til fundar, ásamt Péttri H. Ármannssyni arkitekt, með bæjaryfirvöldum í Vestmannaeyjum vegna tillögu um friðun og endurbóta á gamla spítalanum, nú Ráðhúsi Vestmannaeyja.

**23. júní:** Ferð forstöðumanns með Hjalta Sigmundssyni byggingartæknifræðingi að Þverá í Laxárdal vegna endurbóta á Þveráarkirkju.

**5. júlí:** Farið að Hnappavöllum og Þykkvabæjarklausturskirkju þar sem fundað var með umráðamönnum um endurbætur á þessum húsum.

**18. – 19. júlí:** Ferð forstöðumanns um norðanverða Vestfirði ásamt Joni Nordsteien arkitekt.

**16. ágúst:** Farið til fundar með Áskeli Jónassyni bónda á Þverá í Laxárdal og Stefáni Óskarssyni smið í Rein vegna endurbóta á þaki Þveráarkirkju.


**10. október:** Fundur með Gísla Gíslasyni forstjóra Faxaflóahafna og Vigni Albertssyni skipulagsstjóra vegna tillögu að friðun hlaðinna hafnargarða í Reykjavíkurböfn frá upphafi 20. aldar.



Hvanneyri



Árbæjarstífla



Úr Gunnarshúsi við Dyngjuveg



Rafstöðin í Elliðaárdal



Göng á Hnappavöllum



Ráðhús Vestmannaeyja



Þveráarkirkja



Til Húsafríðunarnefndar bærust eftirfarandi beiðnir um niðurrif húsa:

- Lækjargata 11, Akureyri
- Vilmundarstaðir, Borgarfirði
- Hamar, Hamarsfirði
- Kálfaströnd, íbúðarhús
- Bergstaðir, Svartárdal
- Hraun, Fljótum
- Litla-Fellsöxl, Hvalfjarðarsveit
- Hellubraut 7, Hafnarfirði
- Hnappavellir, Örfum
- Vellir, Ölfusi
- Thorsteinsbraggi og Lagerhús, Eyri,
- Ingólfsfirði
- Garður, Núpasveit
- Ægisgata 1, Stykkishólmi

Um afgreiðslur þessara erinda vísast í fundargerðir Húsafríðunarnefndar á husafridun.is.


## Innra starf á árinu 2011

### Heimasíða

Samningur var gerður við Loftmyndir árið 2008 um afnot af loftmyndum þar sem hægt er að skoða staðsetningu allra friðaðra húsa á landinu og umhverfi þeirra. Þau hús sem ráðherra ákveður að skuli vera friðuð eru sett jafnóðum inn á loftmyndina. Á árinu var bætt við upplýsingum um friðuð hús á heimasíðunni auk þess sem unnið var áfram við þróun heimasíðunnar þannig að helstu upplýsingar er varða húsvernd og húsafríðun, skrár, fræðsla og ráðgjöf, verði aðgengilegt almenningi.

### Skrá yfir friðuð hús

Á heimasíðu Húsafríðunarnefndar er skrá yfir öll friðuð hús á Íslandi, raðað eftir landshlutum. Á árinu var haldið áfram að fullvinna skrána, þ.e. með viðeigandi upplýsingum um hvert hús og ljósmynd.



Kortasjá Húsafríðunarnefndar

### Umsóknareyðublað fyrir Húsafríðunarsjóð


Á umsóknartíma er umsóknareyðublað fyrir Húsafríðunarsjóð á heimasíðu nefndarinnar sem gerir umsækjendum kleift að sækja um styrk til sjóðsins á heimasíðunni. Hversu umsóknareyðublaðið er aðgengilegt og handhægt í notkun hefur vakið almenna ánægju.

### Húsakannanir

Verið er að vinna húsakannanir í um 10 stærstu sveitarfélögum landsins skv. leiðbeiningum og skráningarkerfi Húsafríðunarnefndar, með styrk úr Húsafríðunarsjóði.

### Úthlutunarreglur fyrir Húsafríðunarsjóð

Tillaga að breytingum á gildandi reglum fyrir Húsafríðunarsjóð voru sendar til mennta- og menningarmálaráðherra árið 2010. Fólust þær aðallega í því að í stað orðsins viðhald í reglum skuli koma orðið endurbætur. Þetta er talið mikilvægt, þar sem að jafnaði eru ekki veittir styrkir til verkefna sem talist geta almennt viðhald. Mennta- og menningarmálaráðherra staðfesti nýju reglurnar með undirskrift þann 24. júní 2011. Sjá reglurnar hér á næstu síðu:



Úr byggða- og húsakönnun Kanon arkitekta fyrir Reykjanesba

# Reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði

## 1. gr.

### *Húsafriðunarsjóður*

Um húsafriðunarsjóð gilda ákvæði III. kafla laga um húsafriðun, 104/2001.

## 2. gr.

### Úthlutanir úr húsafriðunarsjóði

Húsafriðunarnefnd úthlutar styrkjum úr húsafriðunarsjóði til:

- a. ráðgjafar og áætlanagerðar vegna endurbóta á friðuðum byggingum,
- b. endurbóta á friðuðum byggingum.

Húsafriðunarnefnd er einnig heimilt að veita styrki til:

- c. ráðgjafar og áætlanagerðar vegna endurbóta á öðrum byggingum en friðuðum sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi,
- d. endurbóta á öðrum byggingum en friðuðum sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi,
- e. gerð byggða- og húsakannana,
- f. útgáfu byggða- og húsakannana,
- g. byggingarsögulegra rannsóknarverkefna og útgáfu rita um þær.

Áður en til styrkveitingar kemur metur húsafriðunarnefnd hvort hún telji verkefni styrkhæf og ákveður upphæð styrks. Húsafriðunarnefnd metur styrkhæfi m.t.t. friðunar, byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika, tæknilegs ástands og varðveislugildis. Sé umsókn um styrk úr húsafriðunarsjóði ekki skilmerkilega útfyllt verður viðkomandi umsókn ekki tekin til greina.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður. Heimilt er, vegna sérstakra aðstæðna, að veita frest til greiðslu styrks til 1. júní á næsta ári á eftir úthlutun, enda hafi borist formleg beiðni þess efnis frá styrkþega til húsafriðunarnefndar fyrir lok úthlutunarárs.

Úthlutun styrkja skal að öðru jöfnu ákveðin fyrir 15. mars ár hvert.

## 3. gr.

### *Auglýsing um styrki húsafriðunarsjóðs*

Húsafriðunarnefnd skal auglýsa eigi síðar en 15. október ár hvert eftir umsóknum til húsafriðunarsjóðs í dagblöðum, Lögbirtingarblaði, Sveitarstjórnarmálum og á heimasíðu sinni. Enn fremur auglýsir nefndin eftir umsóknum í landshlutablöðum og ljósvakamiðlum eftir því sem þörf þykir.

## 4. gr.

### *Almennt um umsóknir*

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á þar til gerðum umsóknareyðublöðum. Séu umsóknir ekki í samræmi við kröfur getur húsafriðunarnefnd vísað þeim frá. Umsóknir skulu berast Húsafriðunarnefnd eigi síðar en 1. desember ár hvert.

Sé fyrirhugað að framkvæma verk sem sótt er um styrk til á mörgum árum skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við verkið í heild sinni og kostnaði við það. Heimilt er að sækja um styrki fyrir aðra áfanga við næstu styrkveitingu. Húsafriðunarnefnd er, með styrkveitingu, ekki skuldbundin til að veita styrki til seinni áfanga.

Húsafriðunarnefnd getur óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum, en koma fram á umsóknareyðublaði, eftir því sem þurfa þykir áður en til úthlutunar kemur.

Við útfærslu á framkvæmdum skal hafa rit húsafriðunarnefndar um viðhald og endurbætur friðaðra og varðveisluverðra húsa til hliðsjónar.

Húsafríðunarnefnd getur sett sem skilyrði að ráðgjöf og framkvæmdir séu unnar af fagmönnum sem hafi sérþekkingu á viðfangsefninu í hverju tilviki.

#### 5. gr.

##### *Greiðslur styrkja*

Tveir þriðju hlutar styrks til ráðgjafar og áætlanagerðar eru greiddir þegar vinna hefst. Eftirstöðvar styrks eru greiddar þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla sem húsafríðunarnefnd samþykkir, hefur verið lögð fram.

Styrkur til endurbóta á byggingum verður greiddur út þegar þriðjungur verks sem styrkur hefur verið veittur til er sannanlega lokið.

Tveir þriðju hlutar styrks til rannsóknarverkefna og gerðar byggða- og húsakannana og útgáfu þeirra eru greiddir þegar vinna hefst. Eftirstöðvar styrks eru greiddar þegar lokaskýrsla eða áfangaskýrsla sem húsafríðunarnefnd samþykkir, hefur verið lögð fram.

#### 6. gr.

##### *Eftirlit húsafríðunarnefndar*

Húsafríðunarnefnd hefur eftirlit með að styrkir til ráðgjafar og áætlanagerðar hafi verið notaðir til þess sem getið var í umsóknum. Styrkþegum er skylt að kynna fulltrúa nefndarinnar stöðu verksins sé þess óskað og afhenda nefndinni eintak af uppráttum og áætlunum, nefndinni að kostnaðarlausu.

Húsafríðunarnefnd hefur eftirlit með að þær framkvæmdir sem hún styrkir séu viðunandi af hendi leystar og í samræmi við innsend gögn. Nefndin eða fulltrúi hennar skal eiga greiðan aðgang að vinnustað meðan á framkvæmdum stendur.

Húsafríðunarnefnd hefur eftirlit með ráðstöfun styrkja til rannsóknarverkefna og byggða- og húsakannana og útgáfu þeirra. Sé þess óskað er styrkþegum skylt að gera nefndinni grein fyrir stöðu verksins með áfangaskýrslu ekki síðar en ári eftir að styrk er úthlutað. Að verkinu loknu kynni styrkþegi niðurstöður sínar fyrir nefndinni eða fulltrúa hennar.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn þegar í stað.

#### 7. gr.

##### *Upplýsingaskýlda húsafríðunarnefndar um húsafríðunarsjóð*

Húsafríðunarnefnd skal láta mennta- og menningarmálaráðherra, Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í té lista yfir úthlutun styrkja þegar hann liggur fyrir. Enn fremur skal birta úthlutunarlista og yfirlit yfir greiðslurnar í ársskýrslu húsafríðunarnefndar.

Samþykkt á fundi húsafríðunarnefndar 11. nóvember 2010.


# Útgáfa

## Kirkjur Íslands

Ritröðin Kirkjur Íslands er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á kirkjurnar frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum. Frá upphafi hafa Húsafriðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag staðið að útgáfunni auk annarra samstarfsaðila. Gert er ráð fyrir að fullbúin verði ritröðin 27 bindi sem lokið verði við að gefa út árið 2015.

Á árinu 2011 kom út sautjándi bindið í ritröðinni. Þar er fjallað um átta friðaðar kirkjur í Rangárvallaprófastsdæmi samkvæmt hinni gömlu skiptingu prófastsdæma. Kirkjurnar eru Árbæjar-, Haga- og Marteinstungukirkja í Holtum, Keldnakirkja á Rangárvöllum, Breiðabólstaðar- og Hlíðarendakirkja í Fljótshlíð og Kross- og Akureyrarkirkja í Landeyjum. Höfundar eru Svavar Sigmundsson, fyrrverandi forstöðumaður Örnefnastofnunar Íslands, listfræðingarnir Júlíana Gottskálsdóttir og Þóra Kristjánsdóttir og arkitektarnir Guðmundur L. Hafsteinsson og Hjörleifur Stefánsson.

Nikulás Úlfar Músson forstöðumaður Húsafriðunarnefndar, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður, Karl Sigurbjörnsson biskup og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt skipa ritnefnd og er Þorsteinn jafnframt ritstjóri auk Jóns Torfasonar.



## Áður hafa komið út eftirtalin rit í ritröðinni Kirkjur Íslands:

**Rit 1 (2001):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hrepphólakirkja, Hrunakirkja og Tungufellskirkja.

**Rit 2 (2002):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra-Núpskirkja og Villingaholtakirkja.

**Rit 3 (2002):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Bræðratungukirkja, Búrfellskirkja, Miðdalskirkja, Mosfellskirkja og Torfastaðakirkja.

**Rit 4 (2003):** Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi: Eyrarbyggjakirkja, Gaulverjabæjarkirkja, Kotstrandarkirkja, Stokkseyrarkirkja, Strandarkirkja, Úlfjótsvatnskirkja og Þingvallakirkja.

**Rit 5 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Goðdalakirkja, Hvammskirkja, Ketukirkja, Reyjakirkja, Reynistaðarkirkja, Sauðárkróskirkja, Silfrastaðakirkja, Sjávarborgarkirkja og Víðimýrarkirkja.

**Rit 6 (2005):** Friðaðar kirkjur í Skagafjarðarprófastsdæmi: Barðskirkja, Fellskirkja, Grafarkirkja, Hofskirkja, Hofstaðakirkja, Hóladómkirkja, Knappsstaðakirkja og Viðvíkurkirkja.

**Rit 7 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Árneskirkja, Kaldrananekirkja, Kollafjarðarneskirkja, Staðarkirkja í Steingrímsfirði, Breiðabólstaðarkirkja, Kirkjuhvammskirkja, Staðarbyggjakirkja, Staðarkirkja í Hrutafirði, Vesturhóphólakirkja og Víðidalstungukirkja.

**Rit 8 (2006):** Friðaðar kirkjur í Húnavatnsprófastsdæmi: Auðkúlukirkja, Bergsstaðakirkja, Blönduóskirkja, Bólstaðarhlíðarkirkja, Hofskirkja, Holtastaðakirkja, Svínavatnskirkja, Undirfellskirkja og Þingeyrarkirkja.

**Rit 9 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Bakkakirkja, Bægisárkirkja, Glæsibæjarkirkja, Kvíabekkjarkirkja, Miðgarðakirkja, Möðruvallakirkja í Hörgárdal, Ólafsfjarðarkirkja, Tjarnarkirkja, Urðakirkja og Vallakirkja.

**Rit 10 (2007):** Friðaðar kirkjur í Eyjafjarðarprófastsdæmi: Akureyrarkirkja, Grundarkirkja, Hólakirkja, Lögmannshlíðarkirkja, Minjasafnskirkja, Munkaþveráarkirkja, Möðruvallakirkja í Eyjafirði og Saurbæjarkirkja.



**Rit 11 (2008):** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastsdæmi: Hvalsneskirkja, Kálfatjarnarkirkja, Keflavíkurkirkja, Kirkjuvogskirkja, Krýsuvíkurkirkja, Landakirkja, Njarðvíkurkirkja og Útskálakirkja.

**Rit 12 (2008):** Friðaðar kirkjur í Kjalarnessprófastdæmi: Bessastaðakirkja, Brautarholtskirkja, Fríkirkjan í Hafnarfirði, Hafnarfjarðarkirkja, Lágafellskirkja, Reynivallakirkja, Saurbæjarkirkja á Kjalarnesi og Vindáshlíðarkirkja.

**Rit 13 (2009):** Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akranesarkirkja, Fitjakirkja, Gilsbakkakirkja, Hvanneyrarkirkja, Innra-Hólmskirkja, Leirárkirkja, Reykholtskirkja og Stóra-Áskirkja.

**Rit 14 (2009):** Friðaðar kirkjur í Borgarfjarðarprófastsdæmi: Akrakirkja, Álftaneskirkja, Álftaártungukirkja, Borgarkirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja og Stafholtskirkja.

**Rit 15 (2010):** Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi: Bjarnarhafnarkirkja, Búðakirkja, Helgafellskirkja, Ingjaldshólskirkja, Rauðamelskirkja, Setbergskirkja, Staðarhraunskirkja og Stykkishólmskirkja.

**Rit 16 (2010):** Friðaðar kirkjur í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi: Dagverðarneskirkja, Hjarðarholtskirkja, Hvammskirkja, Narfeyrarkirkja, Skarðskirkja, Snóksdalskirkja, Staðarfellskirkja og Staðarhólskirkja.



## Fyrirlestrar, ráðgjöf og miðlun

### Fyrirlestrar

Haldinn fyrirlestur um húsvernd og húsafríðun fyrir nemendur í ferðamálafræði í Háskólanum á Hólum. Á fundi æðstu embættismanna hjá Reykjavíkurborg á Grand Hótelu hélt forstöðumaður fyrirlestur um húsafríðun og stöðu húsverndarmála á Íslandi.

### Húsverndarstofa á Minjasafni Reykjavíkur

Húsafríðunarnefnd, Minjasafn Reykjavíkur og Iðan fræðslusetur reka í samvinnu ráðgjafastofu fyrir fagmenn og almenning um endurbætur og viðhald eldri húsa á Minjasafni Reykjavíkur, Árbæjarsafni.

### Farskóli íslenskra safnamanna

Starfsfólk Húsafríðunarnefndar tók þátt í Farskóla íslenskra safna og safnamanna, sem haldinn var í Skagafirði dagana 5. til 7. október.

### Sýningar

Húsafríðunarnefnd lét gera sýningu upp úr bindi nr. 17, Friðaðar kirkjur í Rangárvallaprófastsdæmi, í ritröðinni Kirkjur Íslands, sem sett var upp á Hellu, 9. desember.

### Lög og reglugerðir

Forstöðumaður og formaður gerðu fyrir hönd Húsafríðunarnefndar athugasemd við frumvarp til minjalaga. Nýjar reglur um úthlutun úr Húsafríðunarsjóði voru samþykktar á árinu, sjá kafla um innra starf.

### Seta í nefndum og stjórnunum

Forstöðumaður situr í ritnefnd ritraðarinnar um Kirkjur Íslands. Aðrir í ritnefnd eru Séra Karl Sigurbjörnsson biskup, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, sem er formaður ritnefndar og jafnframt ritstjóri ritraðarinnar.

Forstöðumaður situr einnig í framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps sf., gagnasafns í minjavörslu. Aðrir í framkvæmdastjórninni eru Anna Guðný Ásgeirsdóttir á

Þjóðminjasafni og Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður og safnstjóri Minjasafns Reykjavíkur.

Forstöðumaður var boðaður á fjóra fundi með starfsfólki skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar þar sem veitt var ráðgjöf um meðferð húsverndarmála í nýju aðal-skipulagi Reykjavíkur.

Forstöðumaður var dómnefnd um hugmyndasamkeppni um skipulag Ingólfstorgs og nágrennis til ráðgjafar.

### Ferðir starfsmanna Húsafriðunarnefndar á árinu 2011

Eitt af megin verkefnum Húsafriðunarnefndar er að veita ráðgjöf um viðhald, viðgerðir og endurbætur á eldri húsum á Íslandi. Er það mikið kappsmál að þessu hlutverki sé sinnt af kostgæfni. Farnar voru fjöldamargar ferðir vítt og breytt um landið í margvíslegum tilgangi, s.s. skoðanir vegna niðurrifsbeiðna, ráðgjöf vegna endurbóta, breytinga, litaval o.fl.

### Erlend samskipti á árinu 2011

Forstöðumaður sótti fund æðstu ráðamanna í minjavörslu í Evrópu (European Heritage Head Forum) ásamt forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins í Amsterdam í Hollandi dagana 25. til 28. júní. Þá sótti forstöðumaður fund stýrihóps um verndun minja í Eystrasalti, í Kotka í Finnlandi dagana 16. til 18. mars (Monitoring Group on Cultural Heritage in the Baltic Sea States). Forstöðumaður er fulltrúi Íslands í stýrihópnum.

Í september fór Guðlaug Vilbogaðóttir til Vínús í Litháen til að sækja fund á vegum Evrópuverkefnisins CARARE (Connecting Archaeology and Architecture in Europeana), sem Húsafriðunarnefnd og Fornleifavernd ríkisins taka saman þátt í ásamt 28 stofnunum og fyrirtækjum frá 20 löndum. Meginmarkmið verkefnisins er að virkja og styðja við net minjavörslustofnana, fornleifafræðilegra safna, rannsóknarstofnana og sérhæfðra stafrænna gagnasafna við að:

- gera stafræn gögn, sem þau hafa í sínum forum um fornleifar og byggingararfinn, aðgengileg í gegnum evrópsku menningarvefgáttina Europeana,
- samhæfa gögn og koma á fót gagnþjónustu,
- og gera það kleift að miðla áfram þrívíddargögnum og sýndarveruleika í gegnum Europeana.

Framlag Íslendinga er gagnasöfn um friðuð hús, friðlýstar fornminjar og fornleifarannsóknir á Íslandi.

### Húsaafn Þjóðminjasafnsins

Er þjónustusamningur Húsafriðunarnefndar og Þjóðminjasafns Íslands um viðhald og endurbætur á húsum í húsaafni Þjóðminjasafnsins, sem hafði verið í gildi frá 8. mars 2006, rann út þann 8. mars 2011, tilkynnti þjóðminjavörður að samningurinn yrði ekki framlengdur.

### Útvarp / sjónvarp

Auk þess að veita viðtöl í fjölmiðlum um ýmislegt sem er efst á baugi hverju sinni í húsvernd á Íslandi greindi forstöðumaður frá sögu steinbæja í Reykjavík í tveimur Flakk þáttum á RÚV, veitti viðtal í klukkustundarlöngum þætti á útvarpi Sögu um húsvernd og á sjónvarpsstöðvum um tillögu að friðun Skálholtskirkju, Skálholtskóla og næsta umhverfis.

### Fornleifar

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2011, var forstöðumaður settur forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins til að fara með og taka ákvarðanir sem snerta fornleifar á jörðinni Kálfaströnd í Mývatnssveit vegna umfjöllunar um byggingarleyfi, en forstöðumaður Fornleifaverndar hafði lýst sig vanhæfa vegna skyldleika við umsækjanda.



Kálfaströnd í Mývatnssveit

## Kynnisferð Húsafriðunarnefndar um Austfirði 2011

Húsafriðunarnefnd ásamt heima-  
mönnum fyrir framan Jenssenshús  
á Eskifirði, talið frá vinstri: Snorri  
Freyr Hilmarsson, Gunnþóra Guð-  
mundsdóttir, Hjörleifur Stefánsson,  
Geir Hólm fyrrverandi safnstjóri  
Sjóminjasafns Austurlands, Jens  
Garðar Helgason forseti bæjarstjórnar  
Fjarðabyggðar, Margrét Leifs-  
dóttir, Nikulás Úlfar Mátsson og Pétur  
Sörensson, forstöðumaður Safnastofn-  
unar Fjarðabyggðar



Mikligarður, Höfn



Bjarg, Papey

Dagana 8. til 10. júní fór Húsafriðunarnefnd í sína árlegu kynnisferð. Þar sem mörg húsverndarverkefni voru í gangi á Austfjörðum sem hlotið höfðu styrk úr Húsafriðunarsjóði var afraðið að fara þangað og skoða framkvæmdir. Flogið var á Höfn í Hornafirði þar sem Björk Erlingsdóttir tók á móti nefndinni og bauð í morgunkaffi í nýju og glæsilegu húsnaði menntaskólans, bókasafnsins og menningarfulltrúa. Þar við hliðina var búið að breyta fyrrverandi bílskúr slökkviliðsins í sýningarsal, tileinkaðan Svavari Guðnasyni. Gamla Kaupfélagshúsið, sem undanfarin misseri hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga var skoðað að utan og Torfi Friðfinnsson hafnarvörður sýndi Miklagarð þar sem listamönnum og handverksfólki hefur verið leyft að setja upp vinnustofur í nokkrum búðum. Mælist það vel fyrir og færir meira líf í staðinn en gleymdar geymslur gera. Svæðið, Hafnarvík og Heppa, var skoðað og fyrirhuguð staðsetning Gömlu búðar. Miðast hún við fyrri staðsetningu og snýr gafli að þeim sem koma austur Hafnargötu. Stafafellskirkja var skoðuð með kirkjuverðinum Erni Arnarsyni og Alberti Eymundssyni formanni sóknarnefndar, sem sýndu svo nefndinni vel heppnaðar endurbætur á Fundarhúsi Lónsmanna. Þegar komið var í Djúpvog var snæddur léttur hádegisverður í Löngubúð áður en haldið var út í Papey. Þar var húsið Bjarg skoðað en nýlokið eru sérlega vandaðar endurbætur á því og kirkjan sem ber umhyggju umráðamanna sinna glöggvitni. Í Papey eru minjar torfútihúsa og hlaðinna garða sem bera ýmis héraðseinkenni og rætt var hvort ekki væri einstakt tækifæri til að varðveita heildstætt menningarlandslag í eyjunni. Snæddur var kvöldverður og gist á Hótel Framtíð og sýndi Þórir Stefánsson hótelhaldari nefndinni húsið. Gauti Jóhannsson sveitarstjóri fór með nefndinni um Djúpvog og voru vel heppnaðar endurbætur á Löngubúð og Geysi, núverandi stjórnsýsluhúsi Djúpvogshrepps, skoðaðar og hin veigamikla endurgerving á Faktorshúsinu auk þess sem ástand gömlu Djúpvogskirkju var tekið út og ýmsar tillögur um notkun hennar ræddar. Að Teigarhorni tók Björn Björgvinsson smiður á móti nefndinni og sýndi endurbætur sem hann hafði gert á ytra byrði hússins. Var það almennt mat nefndarfólks að taka beri til hendinni innan húss, en ástandið þar er ekki gott. Björn fylgdi síðan nefndinni að Berufirði þar sem vel heppnaðar endurbætur á gamla bænum voru skoðaðar í fylgd Braga Gunnlaugssonar

bónda auk þess sem hann sýndi Berufjarðarkirkju, sem nýlega hefur verið sett að nýju á skrá yfir friðaðar kirkjur, og Nönnusafn. Uppi á Öxi, á leiðinni niður í Breiðdal, lenti nefndin í hriðarbyl. Í Breiðdalnum sýndi Björn gamla Jórvíkurbæinn og Lindarbrekku, sem hann hefur mikinn hug á að laga og koma í betra horf. Þarna eru tvö hús, merkir fulltrúar síns tíma, og áhugaverð dæmi um torfhús á 20. öld og samruna nýrra tíma og fornra hefða með mikið varðveislugildið. Húsin eru í eigu Skógræktar ríkisins og eru viðræður hafnar við hana um endurbætur á húsunum. Þessu næst var ekið í Breiðdalsvík þar sem Björn og Hrafnhildur Hafsteinsdóttir ferðamálafulltrúi sýndu nefndinni frábærar endurbætur sem Björn hafði staðið að á gamla Kaupfélagshúsinu. Þar var Björn kvaddur með virktum og varð einhverjum á orði að menn eins og Björn þyrftu að vera til í hverri sveit og hverju þorpi. Á Fáskrúðsfirði tók Gísli Jónatansson kaupfélagsstjóri á móti nefndinni og bauð til glæsilegs kaffisamsætis á Kaffi Sumarlínu. Að því loknu sýndi Gísli Wathnessjöhús sem byggt var árið 1882 og hann hyggst færa til upprunalegs horfs. Nokkur umræða spannst um upprunalega gerð hússins, en því hefur verið breytt og gerð við það viðbygging. Einnig sýndi Gísli gamla kaupfélagshúsið Tanga sem hann hefur gert upp af miklum myndarbrag og er til mikillar þrýði í bæjarmynd Fáskrúðsfjarðar. Þessu næst fór Gísli með nefndina í skoðunarferð um Fáskrúðsfjörð og sagði frá sögulegum húsum og stöðum. Í Templaranum við Búðaveg tók Aðalheiður Jónsdóttir á móti nefndinni og sýndi húsið. Allt er þar óvenju upprunalegt en þarfnast endurbóta. Að síðustu var Franski Spítalinn, sem nýlega hafði verið fluttur frá Hafnarnesi skoðaður. Þar er mikið verk fyrir höndum við endurgerð. Kirkjan að Kolfreyjustað var skoðuð í fylgd Eiríks Ólafssonar formanns sóknarnefndar. Gist var á Neskaupsstað og þar skoðuð Norðfjarðarkirkja með Sigurði R. Ragnarssyni sóknarpresti og Guðjóni B. Magnússyni formanni sóknarnefndar auk þess sem Lúðvíkshús, hús Listasmiðju Norðfjarðar við Piljuvelli og fl. var skoðað áður en haldið var til Eskifjarðar. Þar var Dahlshús skoðað með eigandanum Jens G. Helgasyni forseta bæjarstjórnar, Pétri Sörenssyni forstöðumanni safnastofnunar og Geir Hólmi. Lagt var á ráðin um hvernig best yrði staðið að endurbótum á þessu gamla húsi. Þeir sýndu nefndinni síðan Randúlfs sjöhús, Jensenshús, gömlu Eskifjarðarkirkju og fleiri hús sem þykja hafa varðveislugildi á Eskifirði. Í Reyðarfirði voru mjög góðar endurbætur á steinhlaðna húsinu að Sómastöðum skoðaðar, en húsið er hluti húsasafns Þjóðminjasafnsins. Því næst var haldið um Fagradal og yfir Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar þar sem Þóra Guðmundsdóttir arkitekt og Pétur Kristjánsson forstöðumaður Tækniminjasafns Austurlands tóku á móti nefndinni og í fylgd þeirra voru fjölmörg hús skoðuð og helst má nefna eftirfarandi hús: Sýslumannshúsið (Stefánsbúð), gamla Landsbankahúsið, Seyðisfjarðarkirkja, Geirahús, Hótel Aldan, Lárúshús, Kiddýjarhús, Seyðisfjarðarskóli, þar sem Þorsteinn Arason skólastjóri tók á móti nefndinni, Gamli Spítalinn, Sundhöllin, Turninn, Ríkið, þar sem Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi tók á móti nefndinni, Wathnehús, Tækniminjasafnið í Vélsmiðjunni, Þórshamar, Angró, Skipasmíðastöðin og Skaftfell. Að auki voru fjölmörg hús skoðuð sem talin eru hafa mikið varðveislugildi og var það mál manna að góðir hlutir hefðu gerst í húsverndarmálum á Seyðisfirði en jafnframt að mikið verk væri fyrir höndum. Að þessari yfirgrípsmiklu skoðunarferð lokinni voru Seyðfirðingar kvaddir og haldið til Egilsstaða, hvaðan flogið var til Reykjavíkur.



Faktorshúsið Djúpvaggi



Jórvíkurbæinn



Í Wathnessjöhúsi



Í Eskifjarðarkirkju



Kiddýjarhús, Seyðisfirði



Geirahús, Seyðisfirði



Skólavörðustígur 22, Reykjavík



Klapparstígur 19, Reykjavík



Drafnarstígur 5 og 5a, Reykjavík



Nikulás Úlfar Músson og Guðlaug Vilbogaóttir

## Steinbæir og steinhlaðin hús í Reykjavík

Húsafríðunarnefnd samþykkti á fundi sínum 15. júlí 2011 að leggja til við mennta- og menningarmálaráðherra að friða eftirfarandi 30 steinbæi og steinhlaðin hús, sem byggð voru á árunum 1872 til 1898 í Reykjavík:

Bankastræti 3	Bergstaðastræti 12
Bergstaðastræti 21	Bergstaðastræti 22
Bergstaðastræti 24	Bjargarstígur 17
Bókhlaðustígur 6	Brekkustígur 5a
Bræðraborgarstígur 14	Bræðraborgarstígur 19
Drafnarstígur 5 og 5a	Garðar við Ægisíðu
Grandavegur 40	Holtsgata 41b
Ingólfsstræti 23	Klapparstígur 19
Lagargata 2 (áður Bakkastígur 9)	Laufásvegur 5
Nýlendugata 9	Skildinganes, Reynistaður
Skólavörðustígur 4	Skólavörðustígur 22
Skólavörðustígur 22a	Sólvallagata 68
Suðurgata 26a	Tómasarhagi 16b
Vesturgata 50	Vesturgata 57
Vesturgata 61	Pinghóltsstræti 1

Í lok ársins hafði ráðherra ákveðið að friða 7 þessara húsa, þ.e. Bankastræti 3, Bergstaðastræti 12, 21, 22 og 24, Bjargarstíg 17 og Bókhlaðustíg 6, en hin bíða ákvörðunar ráðherra.

Lengst af var grjót hlutfallslega lítið notað við byggingu íslenskra húsa. Það var þó frá upphafi notað ótilhöggvið í undirstöður torfveggja. Á 18. öld byggðu danskir handverksmenn hér nokkur steinhús, m.a. Viðeyjarstofu (byggð 1753) og Bessastaðastofu (byggð á árunum 1761 til 1767), sem báðar eru friðaðar. Í Reykjavík voru byggð tugthúsið (núverandi Stjórnarráðshús, byggt 1765-1770) og Dómkirkjan, sem hafin var bygging á árið 1787. Í þessum stóru steinhúsum var grjótið þó lítt höggvið til. Um 1860 tók til starfa fyrsti Íslendingurinn sem lært hafði steinsmiði í Danmörku, Sverrir Runólfsson. Þekktasta bygging hans er án efa Þingeyrakirkja, sem hann hófst handa við árið 1864.

Grandavegur 40, Reykjavík



Tímamót urðu í byggingu steinhúsa þegar Alþingishúsið var byggt á árunum 1880-1881. Íslendingar lærðu þar iðnina að höggva til grjót. Á árunum 1880 til 1910 voru allmörg steinhús byggð í Reykjavík og varð þá til ný húsagerð, **steinbæir**, sem á skömmum tíma varð algeng í úthverfum Reykjavíkur, Grjótaþorpi, Vesturbæ, Þingholtunum og Skuggahverfinu. Það má segja að hér hafi lag torfbæjarins verið aðlagð að nýjum aðstæðum. Hér er nánast um sérreykvíska húsagerð að ræða, því einungis örfá dæmi um slíkt byggingarlag finnast utan Reykjavíkur. Á þessum tíma voru einnig byggð allmörg lítil íbúðarhús úr steini. Munurinn á þessum íbúðarhúsum og steinbæjum er sá að á steinbæjum eru langhliðarnar byggðar úr tilhöggnu grágrýti, gaflarnir úr timbri og þakið jafnan bárujárnsklætt, en í litlu **steinhlöðnu** húsunum eru allir veggir byggðir úr tilhöggnu grágrýti.

Aðallega voru það tómt húsmenn, verkamenn og sjómenn sem ekki höfðu grasnytjar, sem byggðu sér steinbæi eða steinhús, en fjórðungur fullorðinna karlmanna í Reykjavík taldist til tómt húsmanna. Laghentir menn gátu byggt hús sín sjálfir og eflaust hafa þessi húsakynni þótt betri og varanlegri en torfbæirnir. Flestir steinbæjanna voru smáir að sniðum, oftast ekki meira en um 20 til 25 fermetrar að flatarmáli, gluggar venjulega aðeins á göflum, en inngangur í bíslagi við annan hliðarvegginn. Í fyrstu var ekki salerni í bæjunum, en þegar fram liðu stundir var forstofubyggingin stækkuð til að koma því fyrir. Grjótið í veggina var fengið úr Skólavörðuholtinu. Yfirleitt var það ekki höggvið meira til en nauðsynlegt var, en yfirleitt voru veggirnir þiljaðir að innan eins og tíðkaðist í torfbaðstofunum.

Alls voru hlaðin um 200 hús úr grágrýti í Reykjavík á tímabilinu frá 1860 til 1910, um 130 steinbæir og 70 steinhlaðin hús. Síðan hafa steinbæir og steinhlaðin hús verið að týna tölunni, og er nú svo komið að einungis 17 steinbæir og 18 steinhlaðin hús standa enn í Reykjavík. Vegna sérstöðu steinbæjanna og steinhlöðnu íbúðarhúsanna í menningar- og byggingasögu Reykjavíkur má ljóst vera að eftirstandandi hús hafa öll mjög mikið varðveislugildi.

#### Heimildir m.a.:

Andrés Erlingsson (1997). *Í steinsins form er sagan greypt*. Ritgerð til BA prófs í sagnfræði við Háskóla Íslands.

Guðmundur Finnbogason (1943). Húsagerð á Íslandi. Í *Iðnsaga Íslands*, fyrra bindi. Reykjavík: Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík.

Nikulás Úlfar Másson (1997). *Steinbæir – mat á varðveislugildi*. Greinargerð Húsadeildar Árbæjarsafns.



Tómasarhagi 16b, Reykjavík



Vesturgata 50, Reykjavík



Kópavogsbærinn

## Friðun húsa

### Inngangur

Aldrei hafa verið friðuð jafn mörg hús á einu ári eins og árið 2011. Að tillögu Húsafríðunarnefndar friðaði mennta- og menningarmálaráðherra 35 hús, meðal annars Verkamannabústaðina við Hringbraut, sem að auki samanstanda af mörgum húsum. Því til viðbótar ákvað Húsafríðunarnefnd að færa eitt hús til viðbótar á friðunarskrá. Auk þess að halda áfram skoðunum á friðunarverðum 20. aldar byggingum voru gerðar tillögur til ráðherra um friðun stærri mannvirkja, er báru vitni um framfarahug og bjartsýni þjóðarinnar í upphafi 20. aldar og voru á þeim tíma sem þau voru reist stærstu mannvirki sem Íslendingar höfðu ráðist í frá öndverðu; steinhlöðnu garðarnir í Reykjavíkurbær og mannvirki Elliðaárvirkjunar.



Tryggvaskáli, Selfossi

### Friðunarmál í vinnslu:

**Hressingarhælið Kópavogi** (1926)

**Kópavogsbærinn** (1902-1904 og yngri hús)

**Heilsuhælið á Vífilsstöðum** (1908-1910)

Húsafríðunarnefnd samþykkti að hefja vinnu við tillögu að friðun eftirtalinnna mannvirkja árið 2011:

**Tryggvaskáli**, Selfossi (1890-1934).

**Skálholtskirkja** (1956) og **Skálholtsskóli** (1970) og **nánasta umhverfi**.

Tillögur að friðun, sem biðu ákvörðunar ráðherra í lok árs 2011:

**Fjölrisvegur 7**, Reykjavík (1930)

**Hótel Holt**, Bergstaðastræti 37, Reykjavík (1965). Friðunin tiki til fastra innréttunga í veitingasal í norðurenda auk hliðarherbergis, gestamóttöku auk setustofu, bókaherbergi/koníaksstofu og ráðstefnu- og veitingasalnum Þingholti í suðurenda.



Hótel Holt, Reykjavík


**Reykjavíkurbærinn**. Ingólfsgarður, steinhleðsla (1913-1917), Norðurgarður, steinhleðsla (1913-1917), Vitar á enda Ingólfsgarðs og Norðurgarðs (1920-1925), Suðurbugt, steinhleðsla (1928-1930), Ægisgarður, sýnileg steinhleðsla á eystri hlið (1932-1935), Steinhleðsla við Víkina og Verbúðabryggjur, frá Rastargötu til Bótarbryggju (1940-1945), Steinbryggjan, sem hlaðin var í beinu framhaldi af Pósthússtræti árið 1884, en liggur nú grafin undir landfyllingu.

**Mannvirki Elliðaárvirkjunar**. Elliðavatnsstífla (1924-28), Árbæjarstífla (1920-29), Þrýstivatnspípa (lögð 1978 í stað pípu sem lögð var árið 1920), rafstöðvarhúsið (1920-21), stöðvarstjórahúsið (1921), smiðja/fjós (1921), hlaða (1932-3) og straumskiftistöð (reist 1937 án síðari tíma viðbygginga), þrjár spennistöðvar sem eftir standa af sjö, sem reistar voru árið 1921 við Bókhlöðustíg, Vesturgötu og Klapparstíg.

**Gunnarshús**, Dyngjuvegi 8, Reykjavík (1951). Innra byrði. Ytra byrði hússins var friðað árið 2008.

**Ráðhús Vestmannaeyja**, Kirkjuvegi 50, Vestmannaeyjum (1927).

**Steinbær í Reykjavík**. Sjá kaflann Steinbær og steinhlaðin hús í Reykjavík.



Norðurgarður, Reykjavíkurbærinn

## Mennta- og menningarmálaráðherra ákvað að friða eftirtalin hús árið 2011 að fenginni tillögu Húsafriðunarnefndar:

### Laugavegur 11, Reykjavík – 1868

Friðaður 7. mars 2011. Friðunin nær til ytra byrðis framhússins við Laugaveg, sem að grunni til á upphaf sitt að rekja til ársins 1868.



Laugavegur 11, Reykjavík

### Verkamannabústaðirnir við Hringbraut, Reykjavík – 1931-1937

Friðaðir 17. mars 2011. Friðunin nær til allra þriggja áfanganna, sem byggðir voru á árunum 1931 til 1937 og tekur til garðveggja og ytra byrðis eftirtalinnna húsa:

- Ásvallagötu 33, 35, 37, 39, 49, 51, 53, 55, 57, 59, 61, 63 og 65
- Brávallagötu 42, 44, 46, 48 og 50
- Bræðraborgarstígs 47, 49, 53 og 55
- Hofsvallagötu 15, 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 23
- Hringbrautar 52, 54, 56, 58, 74, 76, 78, 80, 82, 84, 86, 88 og 90



Verkamannabústaðir við Hringbraut,

### Leikvallarskýli á Héðinsvelli við Hringbraut, Reykjavík – 1943

Friðað 17. mars 2011. Friðunin nær til ytra byrðis leikvallarskýlisins og garðveggja umhverfis leikvöllinn. Skýlið var hannað af arkitektunum Einari Sveinssyni og Ágúst Pálssyni.



Leikvallarskýli á Héðinsvelli,

### Lindargata 7, Reykjavík – 1934

Friðuð 28. mars 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem byggt var sem íþróttahús fyrir Jón Þorsteinsson íþróttakennara. Einar Sveinsson arkitekt og Sigmundur Halldórsson húsameistari teiknuðu húsið.



Lindargata 7, Reykjavík

### Laugavegur 29, Reykjavík – 1906

Friðaður 18. apríl 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins. Verslunin Brynja hefur verið starfrækt í húsinu frá árinu 1930.



Laugavegur 29, Reykjavík

### Laugavegur 41, Reykjavík – 1898

Friðaður 18. apríl 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins.

### Laugavegur 64, Reykjavík – 1908

Friðaður 19. apríl 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem kennt hefur verið við nýlendu- og matvöruverslun sem Gunnar Þórðarson starfrækti í húsinu á árunum 1916 til 1926 og nefndist Vöggur.

### Laugavegur 10, Reykjavík – 1882

Friðaður 28. apríl 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins. Hlaðið úr tilhöggnu grágrýti af Júlíusi A. H. Schau steinsmið, sem var jafnframt fyrsti eigandi þess.



Laugavegur 10, Reykjavík



Laugavegur 41, Reykjavík



Laugavegur 64, Reykjavík



Landspítalinn í Reykjavík

**Landspítalinn, Hringbraut, Reykjavík – 1926-1930**

Friðaður 29. apríl 2011. Friðunin nær til ytra byrðis elsta hluta spítalans, sem byggður var á árunum 1926 til 1930 og teiknaður af Guðjóni Samúelssyni.



Ingólfsstræti 2a, Reykjavík

**Ingólfsstræti 2a, Gamla Bíó, Reykjavík - 1926**

Friðað 3. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins auk anddyris, forsalar aðalsalar, hliðarsvala og aðalsalar (áhorfendasalar). Einar Erlendsson húsameistari teiknaði húsið fyrir Peter Petersen, sem kallaður var Bíópetersen.

**Ásvallagata 67, Reykjavík – 1935**

Friðuð 18. maí 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins sem Þórir Baldvinsson teiknaði.



Ásvallagata 67, Reykjavík

**Brekkuskógar 8, Álftanesi – 1959-1962**

Friðaðir 18. maí 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins og burðarvirkis þess, sem hannað var af Manfreð Vilhjálmsyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni. Húsið er nefnt Vesturbær.

**Brekkuskógar 10, Álftanesi – 1959-1962**

Friðaðir 18. maí 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins og burðarvirkis þessa hús sem hannað er af Manfreð Vilhjálmsyni og Guðmundi Kr. Kristinssyni. Húsið er nefnt Smiðshús.



Brekkuskógar 8, Álftanesi

**Gamli flugturninn, Reykjavíkurflogvelli – 1941-1942**

Friðaður 18. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis turnsins og burðarvirkis hans. Turninn var byggður og hannaður af breska hernum.

**Ingólfsstræti 21, Reykjavík - 1903**

Friðað 18. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem er með allra fyrstu steinsteyptu íbúðarhúsunum í Reykjavík.



Brekkuskógar 10, Álftanesi

**Tjarnargata 34, Reykjavík – 1925**

Friðuð 18. maí 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins, sem hannað var af Þorleifi Eyjólfssyni húsameistara.



Gamli flugturninn, Reykjavíkurflogvelli

**Sæbólaskirkja, Ingjaldssandi - 1929**

Friðuð 18. maí 2011. Friðunin nær til kirkjunnar í heild sinni, sem teiknuð er af Guðjóni Samúelssyni.

**Bakkaföt 1, Garðabæ – 1965-1968**

Friðuð 19. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem Högna Sigurðardóttir arkitekt teiknaði.



Tjarnargata 34, Reykjavík



Sæbólaskirkja, Ingjaldssandi



Ingólfsstræti 21, Reykjavík



Bakkaföt 1, Garðabæ

### **Freyjugata 46, Reykjavík – 1933**

Friðudagur 19. maí 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins sem Sigurður Guðmundsson arkitekt teiknaði.

### **Laugavegur 34, Reykjavík - 1929**

Friðudagur 19. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinsteypta framhússins við Laugaveg, sem Guðsteinn Eyjólfsson kaupmaður og klæðskeri fékk Þorleif Eyjólfsson til að teikna fyrir sig. Enn er starfrækt herrafataverslun í húsinu sem ber nafn hans.

### **Laugavegur 36, Reykjavík – 1925**

Friðudagur 19. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinsteypta framhússins við Laugaveg. Einar Erlendsson teiknaði húsið fyrir bakameistarana Stefán Sandholt og Guðmund Ólafsson fyrir starfsemi þeirra. Enn er rekið brauðgerðarhús sem kennt er við Sandholt í húsinu.

### **Thorvaldsensstræti 2, Reykjavík - 1878**

Friðudagur 19. maí 2011. Friðunin nær til ytra byrðis framhússins við Thorvaldsensstræti sem byggt var árið 1878. Helgi Helgason trésmiður og tónskáld teiknaði húsið fyrir hjónin Þóru Grímsdóttur og Pál Melsted sem ráku Kvennaskólann í Reykjavík í húsinu.

### **Mávanes 4, Garðabæ – 1964**

Friðudagur 19. maí 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins og burðarvirkis þess, sem hannað er af Manfræð Vilhjálmssyni arkitekt

### **Laugavegur 44, Reykjavík - 1908**

Friðudagur 18. ágúst 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins, sem byggt er úr timbri.

### **Laugavegur 20B, Reykjavík – 1903**

Friðudagur 13. september 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins.

### **Laugavegur 21, Reykjavík - 1884**

Friðudagur 6. október 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins.

### **Hótel Borg, Pósthússtræti 11, Reykjavík – 1928-1930**

Friðudagur 27. október 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins. Guðjón Samúelsson arkitekt teiknaði Hótel Borg fyrir Jóhannes Jósefsson fyrir Alþingishátíðina 1930.

### **Laugavegur 30, Reykjavík - 1903**

Friðudagur 27. október 2011. Friðunin nær til ytra byrðis hússins.



*Freyjugata 46, Reykjavík*



*Laugavegur 34, Reykjavík*



*Laugavegur 36, Reykjavík*



*Thorvaldsensstræti 2, Reykjavík*



*Mávanes 4, Garðabæ*



*Laugavegur 44, Reykjavík*



*Laugavegur 21, Reykjavík*



*Laugavegur 20b, Reykjavík*



Hótel Borg, Reykjavík

**Bergstaðastræti 12, Reykjavík – 1881**

Friðað 24. nóvember 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins sem nefndur hefur verið Brenna.

**Bergstaðastræti 21, Reykjavík – 1896**

Friðað 24. nóvember 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins sem er hlaðið úr grágrýti.

**Bergstaðastræti 22, Reykjavík - 1893**

Friðað 24. nóvember 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins.

**Bergstaðastræti 24, Reykjavík – 1884**

Friðað 24. nóvember 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins.



Laugavegur 30, Reykjavík

**Bjargarstígur 17, Reykjavík - 1879**

Friðaður 24. nóvember 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins.

**Bankastræti 3, Reykjavík - 1881**

Friðað 5. desember 2011. Friðun nær til ytra byrðis hússins, sem er hlaðið úr tilhöggnu grágrýti af steinsmiðunum Lyders og Schau.



Bergstaðastræti 12, Reykjavík

**Bókhlöðustígur 6, Reykjavík – 1872**

Friðaður 30. desember 2011. Friðunin nær til ytra byrðis steinbæjarins, sem nefndur hefur verð Stöðlakot.

Auk friðana ráðherra ákvað Húsafriðunarnefnd að færa íbúðarhúsið að **Klömbrum í Vesturhópi** (1882-1905) á skrá yfir friðuð hús á fundi sínum 15. júlí 2011, þar sem árið 1982 hafði það verið sett á fornleifaskrá. Júlíus Halldórsson héraðslæknir lét hlaða húsið úr lítt tilhöggnu grjóti.



Bergstaðastræti 21, Reykjavík



Bergstaðastræti 22, Reykjavík



Bergstaðastræti 24, Reykjavík



Bjargarstígur 17, Reykjavík




Bankastræti 3, Reykjavík



Klömbrar, Vesturhópi

# Samantekt styrkja úr Húsafriðunarsjóði fyrir árið 2011

## HLUTFALLSLEG SKIPTING STYRKJA



## Úthlutun styrkja 2011

Breiðletraðir styrkir eru ákvarðaðir af Fjárlaganefnd í samráði við Húsafriðunarnefnd. Upphæðir eru gefnar upp í þúsundum króna.

Heiti verkefnis	Bygg.ár	Styrkur þús. kr.
<b>Friðaðar kirkjur</b>		
Akrakirkja, Mýrum	1899	350
Álftaneskirkja, Mýrum	1904	350
Árbæjarkirkja, Holtum	1887	400
Áskirkja, Fljótsdalshéraði	1898	500
Blönduóskirkja eldri	1894	500
Breiðabólstaðarkirkja, Fljótshlíð	1911	500
Búrfellskirkja, Grímsnesi	1845	750
Bænhúsið í Furufirði á Ströndum	1899	300
Djúpavogskirkja eldri	1894	1.500
Eiðakirkja, Héraði	1886	400
Eiríksstaðakirkja, Jökuldal	1913	500
Eskifjarðarkirkja eldri	1898	750
Fríkirkjan í Reykjavík	1901	0
Grundarkirkja, Eyjafirði	1904	300
Gufudalskirkja, Reykhólahreppi	1908	500
Hjaltastaðakirkja, N-Múlasýslu	1881	300
Hólskirkja, Bolungarvík	1908	0




Hvammskirkja í Norðurárdal	1880	350
Hvammskirkja, Laxárdal	1892	300
Keldnakirkja, Rangárvöllum	1875	500
Kirkjubæjarkirkja, Hróarstungu	1851	300
Klyppstaðarkirkja, Loðmundarfirði	1895	200
Kolfreyjustaðarkirkja, Fáskrúðsfjarðarhreppi	1878	350
Ljósavatnaskirkja, Þingeyjarsýslu	1891	350
Lögmannshlíðarkirkja, Eyjafirði	1860	200
Minjasafnskirkjan Akureyri	1846	0
Munkaþveráarkirkja, Eyjafirði	1844	350
Ólafsvallakirkja, Skeiðum	1897	150
Papeyjarkirkja	1904	100
Sauðaneskirkja, Langanesi	1888	800
Saurbæjarkirkja, Kjalarnesi	1902	400
Saurbæjarkirkja, Rauðasandi	1853	250
Selárdalskirkja, Arnarfirði	1862	500
Skeggjastaðarkirkja, N-Múlasýslu	1845	350
<b>Stafholtskirkja, Borgarfirði</b>	<b>1875</b>	<b>900</b>
Stokkseyrarkirkja	1886	200
Svínavatnaskirkja, Húnavatnssýslu	1882	500
Útskálakirkja, Garði	1861	0
Vallakirkja, Svarfaðardal	1861	0
Vesturhópshóla­kirkja, Húnavatnssýslu	1877	350
Þingvallakirkja	1859	300
<b>Þveráarkirkja, Laxárdal</b>	<b>1878</b>	<b>900</b>
Ögurkirkja, Ísafjarðardjúpi	1859	350
<b>Samtals</b>		<b>16.850</b>

**Friðuð hús**

Framnesvegur 24 B, Reykjavík	1922	400
Grettisgata 11, Reykjavík	1907	200
Laugavegur 2, Reykjavík	1886	100
Lækjargata 10, Reykjavík	1877	0
Menntaskólinn í Reykjavík	1843	0
Norræna húsið, Reykjavík	1963	0
Tjarnargata 26, Reykjavík	1908	250
Efstasund 99, Reykjavík	1825	400
Hringbraut 35, 37, 39 og 41, Reykjavík	1942	200
Norska húsið, Stykkishólmi	1832	400
<b>Pakkhúsið í Ólafsvík</b>	<b>1844</b>	<b>700</b>
Sönderborgarhús, Aðalstræti 12, Ísafirði	1816	400
Salthúsið Þingeyri	1778	0
Riis-hús, Borðeyri	1862	800
Gamli barnaskólinn, Hólmavík	1903	900

## Fjöldi umsókna og styrkja



Villa Nova, Sauðárkróki	1903	300
Gudmanns Mínde, Aðalstræti 14, Akureyri	1835	0
Nonnahús, Akureyri	1849	0
Davíðshús, Akureyri	1944	0
Sigurhæðir, Akureyri	1903	0
Laxdalshús, Hafnarstræti 11, Akureyri	1795	0
<b>Hafnarstræti 98, Akureyri</b>	<b>1923</b>	<b>900</b>
Hofsstofa, Hörgárdal	1828	300
Gamla Syðstabæjarhúsið, Hrísey	1856	300
<b>Ríkið, Hafnargötu 11, Seyðisfirði</b>	<b>1918</b>	<b>900</b>
<b>Gamli barnaskólinn, Seyðisfirði</b>	<b>1906</b>	<b>900</b>
<b>Faktorshúsið, Djúpavogi</b>	<b>1848</b>	<b>2.200</b>
Rjómabúið Baugsstöðum	1904	0
<b>Samtals</b>		<b>10.550</b>

### Aðrar kirkjur

Sæbólskirkja, Ingjaldssandi	1929	800
Upsakapella við Dalvík	1903	200
<b>Samtals</b>		<b>1.000</b>

### Hús á safnasvæðum

<b>Sandahús, Byggðasafn Akraness og nærsveita, Görðum</b>	<b>1901</b>	<b>700</b>
Geirsstaðir, Byggðasafn Akraness og nærsveita, Görðum	1903	0
<b>Garðahús, Byggðasafn Akraness og nærsveita, Görðum</b>	<b>1876</b>	<b>700</b>
Gæruhús, Akureyri	1900	0
Gamlabúð, Höfn	1864	0
Húsið á Eyrarbakka - útihús	1918	0
<b>Samtals</b>		<b>1.400</b>

**Reykjavík**

Amtmannsstígur 5	1902	0
Bankastræti 10	1902	200
Bergstaðastræti 14	1923	0
Bergstaðastræti 40	1903	0
Bókhöðustígur 6 C	1927	0
Bræðraborgarstígur 8	1898	0
Bústaðablettur 10	1946	0
Drafnarstígur 7	1897	200
Frakkastígur 12	1904	0
Freyjugata 3	1921	0
Grettisgata 22 B	1909	0
Grundarstígur 10	1915	0
Grundarstígur 19	1905	0
Grundarstígur 4	1925	0
Hringbraut 22	1930	0
Hverfisgata 45	1914	0
<b>Kirkjutorg 4</b>	<b>1899</b>	<b>900</b>
Kirkjutorg 6	1903	0
Laufásvegur 42	1907	200
Laufásvegur 48	1896	0
Laufásvegur 5	1880	500
Laufásvegur 52	1921	0
Laufásvegur 59	1926	0
Laugavegur 46 A	1902	0
Leikvallarskýli, Hringbraut	1943	400
Lækjargata 8	1871	450
Nýlendugata 15 A	1906	0
Óðinsgata 24 A	1923	0
Reykjavíkurvegur 23	1936	0
Selvogsgrunn 10	1955	0
Sjafnargata 2	1930	0
Skólalabú 1	1907	0
Smiðjustígur 11	1893	0
Sólvallagata 6	1927	0
Suðurgata 8 - nyrðri hluti	1884	100
Tjarnargata 34	1925	400
Tómasarhagi 47-49	1953	0
Verkamannabústaðirnir við Hringbraut	1931	700
Vesturgata 21	1883	200
Vesturgata 4 - austurendi	1897	400
Pinghóltsstræti 7	1880	100
Pórsgata 8 B	1927	0
<b>Samtals</b>		<b>4.750</b>

**Reykjanes**

Norðurkot - skólahús, Vatnsleysuströnd	1903	350
Krókur, Garðabæ	1923	0
Brekkugata 11, Hafnarfirði	1908	0
Hverfisgata 52, Hafnarfirði	1926	0
Suðurgata 40, Hafnarfirði	1921	0
Gamla Guttó, Hafnarfirði	1886	0
<b>Duus-hús, Keflavík</b>	<b>1877</b>	<b>1.700</b>
Vesturbraut 10, Grindavík	1912	400
Garðstaðir, Garði	1908	0
<b>Útskálar - prestssetur, Garði</b>	<b>1889</b>	<b>700</b>
Álafossvegur 27, Mosfellsbæ	1896	0
<b>Samtals</b>		<b>3.150</b>

**Vesturland**

Akurgerði 4, Akranesi	1930	0
Vesturgata 23, Akranesi	1908	0
Vesturgata 77, Akranesi	1925	250
Hlíðartúnshús, Borgarnesi	1919	300
Bjarg, Borgarnesi	1929	0
Egilsgata 8, Borgarnesi	1929	0
Mjólkursamslagshúsið, Borgarnesi	1936	0
Hjörsey I, Borgarbyggð	1913	0
Leikfimiðhús - Íþróttahús, Hvanneyri	1911	0
Háafell, Skorradal	1930	0
Vatnshorn - pakkhús, Skorradal		300
Samkomuhúsið, Aðalgötu 6, Stykkishólmi	1901	0
Reitarvegur 4, Stykkishólmi	1904	0
Skólastígur 8, Stykkishólmi	1885	0
Hvítahúsið (Snæfell), Snæfellsbæ	1935	0
Sauðafell, Dölum	1897	1.000
<b>Ólafsdalur - skólahús</b>	<b>1896</b>	<b>1.700</b>
<b>Samtals</b>		<b>3.550</b>

**Vestfirðir**


Frystihús Flateyjar	1947	0
Búðin Hæstakaupstað, Ísafirði	1873	200
Herkastalinn, Ísafirði	1920	400
Mjallargata 5, Ísafirði	1856	0
Silfurgata 6, Ísafirði	1905	0
Silfurgata 7, Ísafirði	1906	0
Skólahúsið Brautarholti, Skutulsfirði	1930	0
Þvergata 3, Ísafirði	1856	0
Ögur - fjárhús, Ísafjarðardjúpi	1924	0

Hafnarbakki 5, Flateyri	1892	200
Hafnarstræti 9, Flateyri	1884	400
Hvilt, Ísafjarðarbæ	1911	0
Brekkustígur 7, Suðureyri	1909	150
Skipagata 2 - hjallur, Suðureyri	1910	0
<b>Vatneyrarbúð, Patreksfirði</b>	<b>1918</b>	<b>900</b>
Aðalstræti 14, Patreksfirði	1910	0
<b>Sjóræningjasetur, Patreksfirði</b>	<b>1900</b>	<b>1.000</b>
<b>Pakkhúsið, Vatneyri, Patreksfirði</b>	<b>1896</b>	<b>900</b>
<b>Sauðlauksdalur - prestssetur</b>	<b>1920</b>	<b>900</b>
Láginúpur - Hesthúsið, Kollsvík		300
Sveinseyri - gamli bærinn, Tálknafirði	1880	300
<b>Rafstöðin, Bíldudal</b>	<b>1918</b>	<b>700</b>
Dalbraut 35, Bíldudal	1901	0
Smiðjustígur 1, Bíldudal	1894	300
Strandgata 6, Bíldudal	1880	0
Skrímslasetrið, Bíldudal	1938	0
Fjarðargata 13, Pingeyri	1904	700
Fjarðargata 14, Pingeyri	1895	0
Fjarðargata 4 A, Pingeyri	1881	0
Fjarðargata 5, Pingeyri	1915	500
Vallargata 1, Pingeyri	1872	300
Botn, Geirþjófsfirði	1886	0
Barnaskólinn Arnarnúpi, Keldudal	1911	300
Arnarnúpur, Keldudal	1938	0
Hlíð (Ytrihús II), Núpi, Dýrafirði	1905	0
Óspakseyri - Kaupfélagshús (verslunarhús)	1900	0
Kollafjarðarnes - íbúðarhús	1925	0
Ármúli, Langadalsströnd	1875	0
Síldarverksmiðjan Djúpuvík	1935	700
<b>Samtals</b>		<b>9.150</b>

### Norðurland

Brekkugata 2 - fjós og hlaða, Hvammstanga	1928	0
Saurar - íbúðarhús, Miðfirði	1930	0
Stóra-Borg - gamla veiðihúsið, Vesturhópi	1885	400
Þorgrímsstaðir, Húnavatnssýslu	1929	0
<b>Kvennaskólinn Blönduósi</b>	<b>1911</b>	<b>2.900</b>
Kornsó - Sýslumannshúsið, Vatnsdal	1879	0
Aðalgata 9, Sauðárkróki	1900	0
Skógargata 10 B, Sauðárkróki	1901	0
Skógargata 17 B, Sauðárkróki	1901	0
Skógargata 7, Sauðárkróki	1856	0
Suðurgata 5, Sauðárkróki	1923	250

## RÁÐSTÖFUNARFÉ



Tyrfingsstaðir, Kjálka, Skagafirði	1920	300
Aðalgata 19, Siglufirði	1915	0
Aðalgata 25, Siglufirði	1861	200
<b>Hávegur 60, Siglufirði</b>	<b>1894</b>	<b>300</b>
Hvanneyrarbraut 66, Siglufirði	1907	0
Jóakimshús, Siglufirði	1914	250
<b>Gránufélagssverslunin, Siglufirði</b>	<b>1908</b>	<b>500</b>
Aðalstræti 40, Akureyri	1851	200
Brekkugata 5, Akureyri	1908	200
Hafnarstræti 107 B, Akureyri	1906	0
<b>Hafnarstræti 86 A, Akureyri</b>	<b>1920</b>	<b>900</b>
Gróðrarstöðin, Krókeyri, Akureyri	1905	0
Lundargata 8 B, Akureyri	1898	0
Strandgata 41, Akureyri	1901	0
Öngulsstaðir, Eyjafirði		300
Vegamót, Dalvík	1914	0
Fjárhús og hlaða sunnan Dalvíkur	1936	0
Kvíabekkur, Húsavík	1921	0
Laxamýri - gamla veiðihúsið, Aðaldal	1874	300
Ás - læknisbústaður, Kópaskeri	1911	0
Óskarsstöð (Óskarsbraggi), Raufarhöfn	1949	800
<b>Samtals</b>		<b>7.800</b>

**Austurland**

Halldórshús, Bakkafirði	1902	800
Kaupangur, Vopnafirði	1884	700
Hjarðarhagi, Jökuldal		300
Austurvegur 11, Seyðisfirði	1908	300
Austurvegur 21, Seyðisfirði	1900	0
Austurvegur 23, Seyðisfirði	1898	0
Austurvegur 3, Seyðisfirði	1908	300
Austurvegur 38 B, Seyðisfirði	1925	0
Austurvegur 42, Seyðisfirði	1907	300
Austurvegur 48, Seyðisfirði	1926	150
Austurvegur 49, Seyðisfirði	1907	0
Austurvegur 51, Seyðisfirði	1907	0
Bjólfsgrata 8, Seyðisfirði	1907	350
Fjörður 1, Seyðisfirði	1906	0
Fjörður 6, Seyðisfirði	1907	350
Hafnargata 10, Seyðisfirði	1887	0
Hafnargata 14, Seyðisfirði	1900	0
Hafnargata 25, Seyðisfirði	1882	500
Hafnargata 34, Seyðisfirði	1907	0
Vjelasmíðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði	1907	600
Hafnargata 42, Seyðisfirði	1921	150
Norðurgata 2, Seyðisfirði	1919	0
Norðurgata 6, Seyðisfirði	1902	500
Oddagata 4 C, Seyðisfirði	1938	0
Vestdalseyri (Guðnahús), Seyðisfirði	1923	0
Selsstaðir, Seyðisfirði	1926	0
Útvegur 7, Seyðisfirði	1880	0
Vesturvegur 3, Seyðisfirði	1906	350
Vesturvegur 4, Seyðisfirði	1903	300
Vesturvegur 5, Seyðisfirði	1878	200
<b>Bryggjuhúsin, Wathnestorfunni, Seyðisfirði</b>	<b>1881</b>	<b>900</b>
Öldugata 13, Seyðisfirði	1883	0
Egilsbraut 7	1907	0
Piljuvellir 11, Neskaupstað	1912	500
Búðavegur 30, Fáskrúðsfirði	1916	0
Búðavegur 8, Fáskrúðsfirði	1900	200
Hafnargata 15, Fáskrúðsfirði	1886	200
Borgargerði 23, Stöðvarfirði	1927	0
Jórvík og Lindarbakki, Breiðdal	1928	2,000
Berufjörður - gamli bærinn	1925	0
Strýta, Hamarsfirði		300
<b>Hótel Framtíð, Djúpavogi</b>	<b>1905</b>	<b>700</b>
<b>Samtals</b>		<b>10.950</b>

**Suðurland**

Fiskhóll 5, Höfn í Hornafirði	1906	0
<b>Hafnarbraut 2, Höfn í Hornafirði</b>	<b>1897</b>	<b>1.700</b>
Vagnsstaðir, Suðursveit	1880	200
Rafstöð - Hofskot - Hof IV, Örfum	1924	0
Stokkseyrarsel - hlaðinn brunnur, Árborg		0
Búðarstígur 12, Eyrarbakka	1888	200
Búðarstígur 14 A, Eyrarbakka	1887	0
Prestshús (Einarshöfn II), Eyrarbakka	1906	0
Kaldbakur, Eyrarbakka	1906	0
Garðbær, Eyrarbakka	1897	0
Eyrargata 30, Eyrarbakka	1907	0
Eyrargata 44 A, Eyrarbakka	1891	0
Hekla handverkshús, Hellu	1942	0
Sauðhúsvöllur, Rangárþingi eystra	1800	250
Giljur - gamla fjósið, Mýrdal	1800	0
Kálfafellskot, Fljótshverfi	1931	0
Dýralækjarsæluhús, Mýrdalssandi	1910	0
Bárustigur 13, Vestmannaeyjum	1911	0
Vestmannabraut 52, Vestmannaeyjum	1908	300
Vesturvegur 17 B, Vestmannaeyjum	1911	0
Illugaver - gagnamannakof, Holtamannafrétti		0
<b>Samtals</b>		<b>2.650</b>

**Rannsóknarverkefni**

Af norskum rótum - prentun á norski útgáfu		0
Af torfi og grjóti - ljósmyndabækur		250
Athuganir á upprunalegum oðringum og marmaramálun á Siglufirði		100
Eyðibýli á Íslandi - skráning, varðveisla og nýting í ferðaþjónustu		400
Gunnlaugsbók - yfirlitsrit um ævi og verk Gunnlaugs Halldórssonar arkitekts		0
Húsverndarstofa - Minjasafn Reykjavíkur		0
Högna Sigurðardóttir arkitekt - bók		300
Íslensk byggingarsaga - Áhrif frá Bretlandseyjum		500
Kirkjur Íslands		7.000
Kvennabrekkukirkja - rannsókn		300
Laufás - Kirkjur eftir Hörð Ágústsson		0
Laufásvegur 52, Reykjavík - Rannsókn		0
Laugaból, Ísafjarðardjúpi - hjallur - uppmæling		150
Leiðbeiningarrit um torfhleðslutækni		270
Safnabókin		100
Smíðjugata Ísafirði - uppmæling og teikning		0
Torfbærir á Íslandi - saga í myndum		0



Uppmæling og teiknun húsa í Skorradal	400
Verkamannabústaðirnir Reykjavík - rannsóknir	150
Vettvangsathugun á varðveittum torfbyggingum á Íslandi	0
Pverárkirkja - rannsókn	350
Óráðstafað	1.630
<b>Samtals</b>	<b>11.900</b>

### Byggða- og húsakannanir

Akureyri	1,000
Árnessýsla - dreifbýli	0
Bíldudal og Patreksfirði (Vesturbyggð)	1.500
Eyja- og Miklaholtshreppur	800
Fjarðabyggð	1,000
Helgafellssveit	800
Hjalteyri	350
Ísafjarðarbær	700
Kópavogur	700
Norðurþing	1.500
Ólafsfjörður	1.000
Reykjanesbær	600
Siglufjörður	1.500
Skorradalur	400
Stokkseyri	400
Suðureyri - saga fyrstu byggðar	350
Tjörneshreppur	500
<b>Samtals</b>	<b>13.100</b>



7. mars 2011

Samantekt styrkja 2011	Fjöldi umsókna*	Fjöldi styrkja	Fjárlaganefnd	Húsafríðunarsjóður	Samtals
<b>Friðaðar kirkjur</b>	43	38	1.800	15.050	16.850
<b>Aðrar kirkjur</b>	2	2	0	1.000	1.000
<b>Friðuð hús</b>	28	18	5.600	4.950	10.550
<b>Hús á safnasvæðum</b>	6	2	1.400	0	1.400
<b>Reykjavík</b>	42	13	900	3.850	4.750
<b>Reykjanes</b>	11	4	2.400	750	3.150
<b>Vesturland</b>	17	8	1.700	1.850	3.550
<b>Vestfirðir</b>	39	18	4.400	4.750	9.150
<b>Norðurland</b>	32	14	4.600	3.200	7.800
<b>Austurland</b>	42	23	2.300	8.650	10.950
<b>Suðurland</b>	21	5	1.700	950	2.650
<b>Rannsóknaverkefni</b>	21	11	0	11.900	11.900
<b>Húsakannanir</b>	17	16	0	13.100	13.100
	321	172	26.800	70.000	96.800

\* Þar af eru nýjar umsóknir 91 og 26 umsóknir frá Fjárlaganefnd.

## Heimasíða Húsafriðunarnefndar: [husafridun.is](http://husafridun.is)

Þar er meðal annars að finna:

Skrá yfir friðuð hús og staðsetningu þeirra á vefsíðu

Fundargerðir Húsafriðunarnefndar

Lista yfir styrkveitingar úr Húsafriðunarsjóði

Skráningarhugbúnaður fyrir skráningu og mat á varðveislugildi húsa er hægt að nálgast á skrifstofu

Skrá yfir húsakannanir í eigu Húsafriðunarnefndar

### **Leiðbeiningarit Húsafriðunarnefndar:**

Trégluggar í timburhúsum

Gömul timburhús. Útveggir, grind og klæðning

Steinuð hús. Varðveisla, viðgerðir, endurbætur og nýsteining

Uppmæling húsa. Uppmælingatækni, fyrirlestrar og dæmi

Ágrip af byggingarsögu

Leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana